

Ed.

89. Nefndarállt

um frumv. til laga um friðun Þingvalla.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Þótt allsherjarnefnd sje sammála um það aðalatriði frv. að friða Þingvelli, þá eru skiftar skoðanir um það, hversu stórt hið friðlýsta svæði skuli vera. Vill meiri hluti nefndarinnar fallast á tillögur frumvarpsins, en minni hlutinn mun gera grein fyrir skoðun sinni í sjerstöku nefndaráliti.

Meiri hlutinn hefir þó gert nokkrar breytingartillögur við frumvarpið, en þær eru aðallega til skýringar og til þess að gera framkvæmd laganna auðveldari; þá eru og feld niður ákvæði, er meiri hlutinn telur ekki eiga þar heima. Verður gerð nánari grein fyrir þessu í framsögu.

Samkvæmt framansögðu er það því tillaga meiri hluta allsherjarnefndar, að frumv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Aftan við málsgrein þá, er kemur næst á eftir d-lið 2. greinar, bætist:
Þó getur Þingvallanefnd gert ráðstafanir til eyðingar þeim dýrum og fuglum, sem gera usla á hinu friðlýsta svæði, eða vinna búfjenaði bjeraðsmanna tjón.
Þingvallanefnd ræður veiði i Þingvallavatni norðan línu þeirrar, er um getur i a-lið.
2. Orðin »og húsameistara ríkisins« i niðurlagi 2. greinar skulu falla niður.
3. Á eftir 2. grein skal koma ný grein, svo hljóðandi:
Nú takast eigi samningar milli Þingvallanefndar og ábúenda jarða

þeirra, er að nokkru eða öllu falla undir hið friðlýsta svæði, og skal þá Þingvallanefnd taka afnotarjett jarðanna eða jarðahlutanna eignarnámi samkvæmt lögum og ábúendum greitt fyrir afnotarjettinn, samkvæmt óvilhallra, dómkvaddra manna mati.

Heimilt skal Þingvallanefnd að kaupa jörðina Gjábakka, eða ef ekki nást viðunandi samningar um verð, að taka jörðina eignarnámi samkvæmt lögum.

4. Við 5. gr. Þriðji málsliður: »Ennfremur að brot á áfengislöggjöf landsins megi varða alt að þrefalt hærri sektum en annarsstaðar á Íslandi«, skal falla niður.
5. Við 6. gr. Í stað »árlega af alþingiskostnaði« komi: úr ríkissjóði.

Alþingi, 3. febrúar 1928.

Jón Baldvinsson,
form. og framsm. meiri hl.

Ingvar Pálmason,
fundaskrifari.